



77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um skattamál íþróttafélaga Flutningsaðilar: ÍBR, ÍBH, UMSK, ÍRB og KKÍ

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél samþykkir að fela stjórn ÍSÍ að setja á stofn starfshóp til að greina rekstrarumhverfi íþróttafélaga í landinu sérstaklega með tilliti til fyrirkomulags skattamála og ráðningarsambands félaga vegna mismunandi starfa. Þá verði skoðað sérstaklega hlutverk sjálfbóðaliða og ábyrgð.

Lykilþættir sem skoða þarf í starfi starfshópsins og í samtali við ríkið:

- **Greina rekstur íþróttafélaga** með hliðsjón af breyttum áherslum, aukinni fagmennsku og fjölþættum samfélagslegum hlutverkum þeirra.
- **Meta hvernig tryggja megi félögum raunhæf skilyrði til að fá sjálfbóðaliða til starfa** án þess að þeir verði gerðir persónulega ábyrgir fyrir rekstri og skuldbindingum félagsins. Þar verði líka horft til þess að setja þak á hvað skuldbinda megi félagið miðað við getu þess til að standa undir þeim skuldbindingum.

Viðræðurnar við stjórnvöld skulu miða að því að skapa sjálfbært og sanngjarnt rekstrarumhverfi fyrir íþróttahreyfinguna, og í því samhengi verði eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til skoðunar:

1. Afnáam tryggingagjalds af launum starfsmanna íþróttafélaga.
2. Heimild til verktöku ef viðkomandi fær minna en 50% af tekjum sínum frá íþróttafélagi.
3. Að námsfólk geti starfað í verktökuformi, óski það þess.

Markmið tillögunnar er að tryggja að íþróttafélög á Íslandi geti áfram sinnt sínu mikilvæga starfi í þágu almennings og samfélags, án þess að rekstrarumhverfið hindri þátttöku, þróun eða sjálfbóðaliðastarf.

Greinargerð

Íþróttahreyfingin gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi, bæði hvað varðar lýðheilsu, félagsauð og uppbyggingu meðal barna og ungmenna. Á undanförunum árum hefur starfsemi íþróttafélaga tekið miklum breytingum. Hún einkennist í dag í auknum mæli af fagmennsku, fjölbreyttri þjónustu og víðtækri aðkomu samfélagsins. Samhliða þessum breytingum hafa kröfur aukist um rekstrarlegt gegnsæi, lagalega ábyrgð og skýra stjórnsýslu.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Í ljósi þessara breytinga þarf að huga að því hvort núverandi rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar – og sérstaklega skattaleg staða félaganna – sé í takt við nútímalega starfsemi þeirra. Íþróttafélög eru rekin án hagnaðarsjónarmiða og byggja í stórum hluta á sjálfboðaliðastarfi. Samt sem áður búa mörg félög við þær áskoranir að skráðir stjórnarmenn og sjálfboðaliðar geta borið persónulega ábyrgð á rekstrarskuldbindingum, sem dregur úr þátttöku og torveldar eðlilega stjórnun og þróun starfa.

Því er mikilvægt að sett verði af stað vinna við að greina hvernig tryggja megi félögum möguleika á að nýta sér sjálfboðaliða án þess að þeir þurfi að óttast lagalega eða fjárhagslega ábyrgð sem þeir ráða ekki við. Slíkt skapar heilbrigðara starfsumhverfi og eykur líkur á áframhaldandi þátttöku samfélagsins í rekstri félaganna.

Einnig þarf að huga að skattalegum þáttum sem takmarka sveigjanleika félaganna. Tryggingagjald, sem almennt er lagt á öll launagreiðslur, hefur veruleg áhrif á kostnaðarforsendur hjá félögum sem greiða starfsfólki. Mörg þessara starfa eru hlutastörf, tímabundin eða tengd einstökum verkefnum. Þar sem um er að ræða almannaheillastarfsemi, er réttlætanlegt að skoða hvort eðlilegt sé að slíkum gjöldum verði aflétt.

Í samhengi við þetta er vert að skoða heimildir til verktöku. Það á sérstaklega við þegar einstaklingar fá aðeins hluta af sínum tekjum frá íþróttafélagi, eða eru í námi og óska eftir sveigjanlegu formi vinnu. Með því að heimila slíkar lausnir má tryggja virkari þátttöku einstaklinga í íþróttastarfi og auðvelda félögum að manna stöður án þess að rekstrarlegt umhverfi standi í vegi fyrir því.

Loks er mikilvægt að þessi vinna fari fram í samstarfi við stjórnvöld, þar sem hreyfingin fær tækifæri til að útskýra sérstöðu sína og móta framtíðarsýn um traustan, sanngjarnan og faglegan rekstrargrunn.